



Samningur á milli Starfsgreinasambands Íslands og Landsambands smábátaeiganda um ákvæðisvinna við línu og net.

1. gr. Gildissvið:

Samningur þessi nær til starfsmanna sem vinna við uppstokkun eða beitningu í landi annarra en þeirra sem eru hlutaráðnir, enda gilda þar ákvæði sjómannasamninga. Samningurinn gildir jafnframt fyrir starfsmenn sem starfa við netavinnu.

2. gr. Launakjör:

a) Beitning með beituskurði:

Greiða skal starfsmanni sem beitir í landi kr. 4,71 pr/krók upp að 540 króka bjóði

Sé línan lengri skal greiða 10% álag til viðbótar pr/krók.

Orlof er ekki innifalið í þessum tölum.

Þessi greiðsla fyrir beitningu miðast við að starfsmaður beiti og sjái um beituskurð án annarrar vinnu við bátinn.

			Án orlofs	Með orlofi 10,17%
Fyrir að beita bjóð	420 króka	með beituskurði	1.979	2.180
Fyrir að beita bjóð	500 króka	með beituskurði	2.356	2.595
Fyrir að beita bjóð	540 króka	með beituskurði	2.544	2.803
Fyrir að beita bjóð	600 króka	með beituskurði	3.110	3.426

b) Beitning án beituskurðar:

Greiða skal starfsmanni sem beitir í landi kr. 4,29 pr/krók upp að 540 króka bjóði enda þurfi hann ekki að sjá um beituskurð. Sé línan lengri skal greiða 10% álag til viðbótar pr/krók.

Orlof er ekki innifalið í þessum tölum.

Þessi greiðsla fyrir beitningu miðast við að starfsmaður beiti án annarrar vinnu við bátinn.

			Án orlofs	Með orlofi 10,17%
Fyrir að beita bjóð	420 króka	án beituskurðar	1.801	1.984
Fyrir að beita bjóð	500 króka	án beituskurðar	2.144	2.362
Fyrir að beita bjóð	540 króka	án beituskurðar	2.315	2.551
Fyrir að beita bjóð	600 króka	án beituskurðar	2.830	3.117

c) uppstokkun á línu:

Fyrir uppstokkun á línu skal greiða 84% af verði fyrir beitningu á bjóði samkvæmt a- lið þessarar greinar. Greiðslur fyrir uppstokkun taka mið af lengd bjóða með sambærilegum hætti og er fyrir beitningu. Orlof er ekki innifalið í þessum tölum.

			Án orlofs	Með orlofi 10,17%
420 króka bjóð		uppstokkun	1.662	1.831
500 króka bjóð		uppstokkun	1.979	2.180



540 króka bjóð	uppstokkun	2.137	2.355
600 króka bjóð	uppstokkun	2.612	2.878

3. gr. Landmenn

Samið skal sérstaklega við þá sem sjá um að taka á móti bát úr róðri, sjá um að koma beitu fyrir í klefa og annast aðra umsýslu.

4. gr. Starfshlutfall:

Starfsmaður sem stokkar upp eða beitir ákveðin fjölda bjóða á dag, samkvæmt eftirfarandi reglu, telst vera í fullu starfi við beitningu. Sé hann ráðinn til að beita færri bjóð skerðist starfshlutfall hans sem því nemur.

Bjóð með beituskurði:	420 króka bjóð=	6,52 bjóð á sjóferð
	500 króka bjóð=	5,50 bjóð á sjóferð
	540 króka bjóð=	5,06 bjóð á sjóferð
Bjóð án beituskurðar:	420 króka bjóð=	7,18 bjóð á sjóferð
	500 króka bjóð=	6,01 bjóð á sjóferð
	540 króka bjóð=	5,57 bjóð á sjóferð
Uppstokkun á línu:	420 króka bjóð=	7,78 bjóð á sjóferð
	500 króka bjóð=	6,53 bjóð á sjóferð
	540 króka bjóð=	6,09 bjóð á sjóferð

5. gr. Kauptrygging

Beitningamenn sem eru fastráðnir skulu hafa kauptryggingu á mánuði kr. 176.523

Kauptrygging starfsmanna miðast við að menn stokki upp eða beiti ákveðinn fjölda bjóða á mánuði miðað við fullt starf og hlutfallslega miðað við starfshlutfall. Fjöldi bjóða tekur mið af lengd línu sem viðkomandi starfsmaður stokkar upp eða beitir reglulega. Komi til þess að brætur eða aðrar aðstæður hamli veiðum skal starfsmönnum tryggðar greiðslur fyrir fjölda bjóða í hlutfalli við neðangreinda reglu. Kauptrygging tekur þeim hækkunum sem verða á kjarasamningi SGS og SA á hverjum tíma.

Kauptrygging kr.	176.523	1.979	per 420 króka bjóð	89	bjóð á mánuði
Með beituskurði		2.356	per 500 króka bjóð	75	bjóð á mánuði
		2.544	per 540 króka bjóð	69	bjóð á mánuði
Kauptrygging kr.	176.523	1.801	per 420 króka bjóð	98	bjóð á mánuði
Án beituskurðar		2.144	per 500 króka bjóð	82	bjóð á mánuði
		2.315	per 540 króka bjóð	76	bjóð á mánuði
Kauptrygging kr.	176.523	1.662	per 420 króka bjóð	106	bjóð á mánuði
Uppstokkun á línu	176.523	1.979	per 500 króka bjóð	89	bjóð á mánuði
		2.137	per 540 króka bjóð	83	bjóð á mánuði

Sjá nánar skilgreiningu á fullu starfshlutfalli í 4. grein samningsins.

Hlífðarfatnaður:

Þar sem ekki er lagður til hlífðarfatnaður (Svunta, viðeigandi vettlingar, buxur og sloppur) skal



greiða fastráðnum beitningamönnum kr. 4.775 í fatapening á mánuði. Starfsmenn við netafellingu skulu fá viðeigandi hlífðarfatnað.

6. gr. Vinna við línu og netavinnu:

		Án orlofs	Með orlofi 10.17%
Fyrir að hnýta 1000 nælontauma	kr.	2.239	2.467
Sé aðeins hnýttur krókur	kr.	1.569	1.729
Fyrir að setja upp línu, 100 tauma	kr.	714	787
Fyrir að fella net á teina (blý-og flotteina)	kr.	1.567	1.727
Fyrir að setja netslöngu á pípur	kr.	672	740
Fyrir að setja brjóst fyrir báða enda	kr.	122	134
Samtals þorskanet		2.361	2.601
		Án orlofs	Með orlofi 10.17%
Fyrir að fella net á notaða teina og gera við greiðist 10% álag til viðbótar	kr.	1.620	1.785
Fyrir að skera af neti, losa brjóst af teinum og hringa teinana.	kr.	1.689	1.861
Fyrir að fella grásleppunet	kr.	4.409	4.858